



Menningarstefna Hörgársveitar

2023 / 2033





Inngangur

Stefnumótun í menningarmálum Hörgársveitar var unnin á árunum 2022 og 2023 og var Menningarstefna Hörgársveitar samþykkt á 152. fundi sveitarstjórnar þann 24. ágúst 2023. Menningarmál heyra undir atvinnu- og menningarnefnd. Við mótun menningarstefnu Hörgársveitar voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð til hliðsjónar um sjálfbæra þróun.

"Sérstaða Hörgársveitar felst í dýrmætri menningararfleið sem sveitarfélagið býr yfir og byggir á. Stærð sveitarfélagsins gerir það að verkum að einstaklingar/stofnanir innan sveitarfélagsins eiga auðveldara með að fá tækifæri og stuðning til framkvæmda á sínum hugmyndum."

Tilgangur

Megintilgangur menningarstefnu Hörgársveitar lýtur að eflingu menningar, vísinda og lista með það að markmiði að stuðla að bættum lífsgæðum og menningarupplifun íbúa í sveitarfélaginu á öllum aldri. Fjölbreytt og öflugt menningarstarf viðheldur jákvæðri ímynd sveitarfélagsins og dregur að nýja íbúa og gesti.

Menningarstefnu þessari er ætlað að vera leiðarljós Hörgársveitar við gerð áætlana sveitarfélagsins á sviði menningarmála í framtíðinni. Útbúa skal skýrslu árlega þar sem farið er yfir uppfyllt markmið og með hvaða hætti. Einnig skulu vera tilgreindir þeir styrkir sem sveitarfélagið hefur veitt.

Menningarstefna Hörgársveitar skal endurskoðuð á 3ja ára fresti.





Hvað er menning?

„Samsafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Listir og bókmenntir teljast til menningar, en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir.“

UNESCO

Menningarstefna Hörgárssveitar skiptist upp í þrjá flokka:

Menningaruppeldi

Saga og umhverfi

Fjölbreytileiki og aðgengi





Menningaruppeldi

Barnamenningu er jafnan skipt í þrennt, menningu fyrir börn, með börnum og skapaða af börnum. Aðgengileg fjölbreytt menning er grundvallarþáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Menningarþátttaka og menningarlæsi barna er einnig mikilvæg atriði í uppvexti þeirra til þess að stuðla að vitund um réttlæti, lýðræði og sögulegt samhengi.

Markmið

Í sveitarfélaginu vaxi úr grasi skapandi og víðsýnir einstaklingar.

Fjölbreytt framboð á menningu fyrir börn og ungmenni og stuðlað að þátttöku þeirra í menningarstarfi.

Öflugt menningarstarf og list- og verkgreinakennsla sé til staðar í skólum sveitarfélagsins.





Leiðir að menningaruppeldi

- Skóla- og menningarstofnanir/félög eigi samstarf við listamenn, fræðimenn, áhugafólk og stofnanir á sviði menningar.
- Leikskólinn Álfasteinn og grunnskólinn Þelamerkurskóli hafi með sér virkt samstarf um menningartengd verkefni.
- Leitast skal við að tryggja jafnt aðgengi barna og ungmenna að menningu og menningarstofnunum í nærumhverfi.
- Við veitingu styrkja til menningarstarfs er gert ráð fyrir að skipuleggjendur geri grein fyrir þátttöku barna og ungmenna við mótun og framkvæmd verkefnisins, ef það á við.
- Efla samstarf Þelamerkurskóla við grunn- og framhaldsskóla í nærliggjandi sveitarfélögum.
- Við skipulagningu menningarstarfs á vegum sveitarfélagsins verði Ungmennaráð haft með í ráðum, þar sem það á við.





Saga og umhverfi

Menning, listir og saga skipta máli fyrir þróun og skipulag hins manngerða umhverfis. Sveitarfélagið vill að ásýnd og ímynd þess endurspegli skapandi hugsun íbúanna og að mannlíf og mannvænt umhverfi sé haft í fyrirrúmi. Nýta þarf möguleika opinna svæða í þéttbýli sveitarfélagsins og náttúru þess sem hvata til samveru fólks og eflingar félagslegra tengsla. Líta þarf á hina listrænu hlið við mótun opinberra bygginga og almannarýmis sem eðlilegan þátt. Listaverk glæða opinber svæði lífi, veita þeim sérstöðu og bæta staðaranda. Sveitarfélagið leggur áherslu á að vinna að verndun og varðveislu menningararfleifðar og miðlunar hennar til íbúa og gesta.

Markmið

Menningararfur svæðisins og landsins er aðgengilegur íbúum og gestum.

Íbúar og ferðamenn þekki til lista- og menningarsögu Hörgársveitar.

Listaverk eru mikilvægur hluti af umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins.

Hörgársveit stuðli að merkingu sögustaða og gönguleiða til að varðveita menningararf svæðisins.

Íbúar og ferðamenn umgangist menningarminjar á sjó og landi á sjálfbæran hátt.





Leiðir að sögu og umhverfi

- Byggingar, listaverk, bókmenntir og saga sveitarfélagsins verði kynnt, t.d. með merkingum, í samvinnu við hagsmunaaðila og frjáls félagssamtök.
- Sveitarfélagið stuðli að verndun menningarminja, byggingararfs og hvetji til skráningar, rannsókna og friðlýsinga þar sem það á við. Merkja eyðibýli í sveitarfélaginu og varðveita sögu þeirra.
- Við gerð skipulags og mannvirkja á vegum sveitarfélagsins sé listræn sýn höfð til hliðsjónar þar sem við á.
- Sveitarfélagið sækir styrki til listskreytinga þegar og þar sem við á.
- Opin svæði í umsjón sveitarfélagsins séu notuð til menningarstarfsemi og hlutverk þeirra á því sviði skilgreind.
- Náttúruminjar og lífverur bæði á landi og í vatni verði varðveittar og gætt á sjálfbæran hátt.





Fjölbreytileiki og aðgengi

Nútíma samfélag er margbreytilegt þar sem einstaklingar búa með ólíkan menningar- og félagslegan bakgrunn og af mismunandi uppruna. Til þess að koma til móts við alla, þarf að bjóða fjölbreytileikann velkominn og vera opin fyrir nýjungum. Menningarstarfsemi Hörgársveitar skal vera aðgengileg öllum þeim sem vilja taka þátt, móta hana og miðla.

Markmið

Tryggja jafnt aðgengi allra að menningarstarfsemi sveitarfélagsins.

Stuðla að fjölbreytileika í menningarstarfsemi sveitarfélagsins þannig að mismunandi menningu sé gert jafn hátt undir höfði.

Viðburðir í Hörgársveit séu fjölbreyttir og höfði til allra aldurshópa.

Efla menningarstarf í sveitarfélaginu.





Leiðir að fjölbreytileika og aðgengi

- Vekja athygli á því menningarstarfi og viðburðum sem fara fram í sveitarfélaginu.
- Í skipulagningu viðburða á vegum sveitarfélagsins verði leitað til íbúa, listafólks, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins til samvinnu.
- Sveitarfélagið stuðli að nýsköpun og uppbyggingu í menningartengdri starfsemi.
- Stuðla að jöfnu aðgengi íbúa að viðburðum á vegum sveitarfélagsins.
- Viðburðir og önnur menningarstarfsemi fari friðsamlega fram og með réttlæti að leiðarljósi.
- Varðveita það menningarstarf sem fyrir er og skapa forsendur fyrir nýsköpun á því sviði.
- Þeir sem standa að menningarstarfi á svæðinu geti leitað aðstoðar við fjármögnun og framkvæmd viðburða og verkefna.
- Hvetja skal til verkefna sem hafa fræðslugildi, efla vitund og tengja saman ólíka hópa um menningarlegt gildi og sögu sveitarfélagsins.





Menningarstefna Hörgársveitar

